

STARFSREGLUR

„ad hoc“ valnefndar skv. 13. gr. reglna nr. 385/2003.

1. gr.

Hlutverk og umboð valnefndar.

Hlutverk valnefndar er að gera tillögu til háskólarektors og forstjóra LSH um ráðningu í samhliða störf við H.Í. og LSH.

Valnefnd starfar í umboði rektors og forstjóra, skv. nánari ákvæðum í erindisbréfi.

2. gr.

Skipun og hæfi valnefndarmanna.

Rektor og forstjóri skipa hvor um sig þrjá menn til setu í valnefnd. Um sérstakt hæfi valnefndarmanna fer eftir II. kafla stjórnáskilslulaga nr. 37/1993.

Umsækjendum er send tilkynning um skipan valnefndar og starfsreglur hennar.

3. gr.

Störf valnefndar.

Í erindisbréfi valnefndar kemur fram hver kallar nefndina saman til fyrsta fundar og annast útsendingu gagna. Ennfremur kemur fram hvenær valnefnd skuli hafa lokið störfum.

Áður en nefndin kemur saman hafa valnefndarmenn fengið send gögn umsækjenda og niðurstöður dómnefndar.

Nefndin fer á fyrsta fundi yfir öll innsend gögn. Ef talin er þörf á viðtali boðar valnefnd til annars fundar þá umsækjendur sem að mati dómnefndar teljast hæfir til þess að gegna hinu auglýsta starfi. Allir valnefndarmenn skulu taka þátt í viðtölum við umsækjendur, og skal fela einum valnefndarmanna ábyrgð á því að taka skriflega niður efnisatriði sem fram koma í þessum viðtölum.

Á öðrum fundi eða á fundi í beinu framhaldi af viðtölum ákveður valnefnd hvaða tillaga er gerð um ráðningu í þau samhliða störf sem um ræðir.

4. gr.

Tillaga valnefndar.

Valnefnd skilar tillögu sinni skriflega til rektors og forstjóra innan viku frá síðari eða seinasta fundi sínum. Einstaka valnefndarmenn mega gera fyrirvara við undirritun sína eða gera grein fyrir afstöðu sinni í séráliti. Valnefnd er óheimilt að gera þá tillögu að ekki skuli ráðið í störf, annað hvort eða bæði.

Í tillögu valnefndar skal felast niðurstaða um það hver úr hópi hæfra umsækjenda um samhliða störf skuli teljast hæfastur þeirra á grundvelli heildarmats á þeim þáttum sem liggja til grundvallar ráðningu í hvort starf fyrir sig. Matið skal veita þeim forgang sem sýna jafnbesta niðurstöðu í öllum þáttum.

Tillögu valnefndar til rektors og forstjóra skal fylgja rökstuðningur með vísan til þeirra sjónarmiða sem nefndin skal leggja til grundvallar niðurstöðu sinnar, þ.e. annars vegar hæfni í kennslu, rannsóknnum og stjórnun akademískra þátta, og hins vegar klínísk reynsla og hæfni í stjórnun klínískra þátta og rekstrarþátta.

Ekki er greidd þóknun fyrir störf valnefndar.

Reykjavík, 13. janúar 2006

Kristín Ingólfssdóttir
háskólarektor

Magnús Pétursson
forstjóri Landspítala - háskólasjúkrahúss